



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 8. mars 2017

Ákvörðun nr. 11/2017

Stofnun félags Landsvirkjunar, Eyþings, Norðurorku hf. og Orkuveitu Húsavíkur ohf. um nýsköpunarverkefnið EIM

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 16. febrúar 2017 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning sem lýsir stofnun á félagi um samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Eyþings (landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðausturlandi), Norðurorku hf. og Orkuveitu Húsavíkur ohf. Í samrunatilkynningunni kemur fram að með fyrirhugaðri stofnun á félaginu EIMUR munu stofnaðilar standa sameiginlega að samstarfsverkefni á sviði orku-, umhverfis- og ferðamála á Norðausturlandi. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í drögum að stofnsamningi og samþykktum um nýsköpunarverkefnið EIM sem fylgdi samrunatilkynningunni er gerður fyrirvari um að Samkeppniseftirlitið geri ekki athugasemdir við efni hans til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í d. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst með stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni sem gegnir til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur hið sameiginlega verkefni Landsvirkjunar, Eyþings, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur og stofnun á félaginu EIMUR í för með sér samruna í skilningi d. liðar 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Eyþing, Landsvirkjun, Norðurorka og Orkuveita Húsavíkur hafi ákveðið að eiga með sér samstarf um atvinnuþróun og nýsköpun. Verkefnið er samstarfsverkefni aðila á starfssvæði Eyþings og hefur það að markmiði að tryggja bætta nýtingu orkuauðlinda, auka verðmætasköpun á svæðinu og fleira. Í þeim



tilgangi hafi framangreindir aðilar ákveðið að stofna félag um samstarfsverkefnið. Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að stofnsamningi og samþykktum fyrir nýsköpunarverkefnið EIM er gert ráð fyrir að gildistími sé til þriggja ára, en þó heimild til þess að framlengja það um eitt ár í senn. Ekki sé því gert ráð fyrir að samstarfið standi yfir til frambúðar, sbr. 1. mgr. 17. gr. 1. nr. 44/2005.

Að samstarfinu koma eins og áður segir Eyþing, Landsvirkjun, Norðurorka og Orkuveita Húsavíkur. Tekið er fram að Orkuveita Húsavíkur stundi veitustarfsemi (hita-, vatns-, og fráveitu), Norðurorka sé eigandi að Fallorku ehf. sem stundi framleiðslu og sölu á raforku í smá- og heildsölu. Þá sé Landsvirkjun markaðsráðandi á raforkumarkaði fyrir framleiðslu, sölu til stórnotenda og heildsölu og að Eyþing sé landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðausturlandi en innan Eyþings séu 13 sveitarfélög.

Upphaf samstarfsverkefnisins EIMUR megi rekja til fundar sem haldinn var á vegum Íslenska Jarðvarmaklasans á Akureyri þann 26. október 2015. Þar hafi verið leiddir saman aðilar frá orkufyrirtækjum, sveitarfélögum og rannsóknarstofnunum á svæðinu. Markmið fundarins hafi verið að kynna hvað hver og einn aðili var að gera á sviði lágvarmanýtingar, kynna auðlindagarð HS orku og kanna grundvöll fyrir samstarfsverkefni á Norðausturlandi með það að markmiði að bæta nýtingu orkuauðlinda á svæðinu. Sérstaklega hafi verið horft til þess að stofna verkefni sem hefði þá megináherslu að styðja við nýsköpun í beinni nýtingu jarðhita með mikilli áherslu á umhverfismál og sjálfbærni. Vinnufundur hjá undirbúningshópi verkefnisins hafi síðan verið haldinn á Akureyri um miðjan desember 2015 þar sem nánar hafi verið unnið með þann grunn sem fram var kominn og voru hugmyndir þróaðar áfram. Verkefnið hafi frá upphafi verið hugsað til að verða nokkurskonar hvati til að fá aðra til að koma auga á möguleika framsýnna umhverisvænna verkefna sem tengjast beinni nýtingu jarðvarma og þeirrar oku sem nú sé ekki nýtt og leiða saman ýmsa aðila sem gætu látið slík verkefni verða að veruleika. Fram kemur að frá upphafi hafi markmið verkefnisins ekki verið að taka þátt í fjárfestingum, koma að framleiðslu, sölu á vörum eða þjónustu, eiga eignarhlut í nokkru verkefni sem styrkt yrði eða vera hluthafar í félögum því tengdu eða stunda viðskiptapróun með einstaka starfssvæði.

Af hálfu stofnaðila sé ekki litið svo á að EIMUR muni starfa á samkeppnismarkaði þar sem félagið mun hvorki stunda framleiðslu né sölu á markaði gegn endurgjaldi. Markmið félagsins sé að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun á tengdum mörkuðum og stuðla að frekari atvinnuuppbyggingu. Félagið EIMUR verði ekki stofnað í fjárhagslegum tilgangi og sé því ekki talið að verkefnið muni hafa neikvæð samkeppnisleg áhrif á markaði.

Í drögum að stofnsamningi og samþykktum um nýsköpunarverkefnið EIM sem fylgdi samrunatilkynningunni segir að aðilar þess séu meðvitaðir um samkeppnislega stöðu sína hver gagnvart öðrum. Í ljósi þess munu framangreindir aðilar gæta þess í hvívetna að upplýsingagjöf milli þeirra sé einungis á grundvelli samstarfsins og þeirra verkefna sem EIMUR taki þátt í og að það leiði ekki til þess að brotið verði gegn ákvæði samkeppnislaga.

III. Niðurstaða



Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber almennt að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Þá ber að kanna samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis þegar um er að ræða samruna í skilningi d-liðar 2. gr. reglna nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmerðferð í samrunamálum og hvort að það kynni að hindra samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Eins og því er lýst í samrunatilkynningunni og stofnsamningi félagsins mun samstarfsverkefnið EIMUR snúast um afmarkað skilgreint verkefni sem ekki eigi að hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Í samrunatilkynningunni segir m.a. að verkefni EIMS snúi að nýsköpun og þróun og aðkoma félagsins verði eingöngu í formi styrkveitinga, hvatningar til nýsköpunarverkefna, þekkingaraukningar, fræðslu og atvinnuþróunar. Þá sé Eimur ekki þátttakandi á markaði er snýr að framleiðslu eða sölu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu getur Samkeppniseftirlitið ekki séð út frá gögnum málsins að stofnun á félagi um nýsköpunarverkefnið EIM og tengt verkefni leiði til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindri samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Þá er heldur ekki séð að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist með tilkomu verkefnisins eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna stofnunar Landsvirkjunar, Eyþings, Norðurorku hf. og Orkuveitu Húsavíkur ohf. á félagi um nýsköpunarverkefnið EIM“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson